

### Skólamálanefnd FG

Lagt fyrir aðalfund Félags grunnskólakennara 19.02.05 með fyrirvara um samþykki Skólastjórafélags Íslands.

## Skólastefna fyrir grunnskólann

### 1. Hlutverk grunnskóla

Lög um grunnskóla og aðalnámskrá setja skólastarfi ákveðinn ytri ramma. Skólinn hefur fyrst og fremst fræðsluhlutverk en einnig er mikilvægt að hann búi nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi.

Stefna skal að því að leggja rækt við allar námsgreinar og leitast við að gera einstaklinginn hæfan til að lifa og taka þátt í síbreytilegu lýðræðissamfélagi. Í öllu grunnskólastarfi skal leggja áherslu á starfsánægju og vellíðan allra sem í skólanum starfa.

Lögð skal áhersla á að skólastarf sé skipulagt með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Gæta ber þess að vinnudagur þeirra verði ekki of langur og kröfur um heimanám taki mið af aðstæðum, þannig að svigrúm skapist til leikja og tómsunda.

Í margbreytilegu þjóðfélagi nútímans þarf að gæta þess að jafnrétti sé til náms og að gagnkvæm virðing sé borin fyrir mismunandi þjóðfélags- og trúarhópum.

Stefna skal að því að inn í námið sé fléttað fræðslu um mismunandi menningarsamfélög, þjóðfélagshópa og fjölskyldugerðir og hversu mismunandi einstaklingar eru. Þá er ekki síður mikilvægt að grunnskólinn virði íslenskan menningararf þannig að hann glatist ekki og efli hann með nýrri sýn á fjölmennningarlegt samfélag. Markmið fræðslunnar skal vera að auka víðsýni og eyða fordómum.

### 2. Samstarf heimila og grunnskóla

Samvinna heimila og skóla er ein lykilforsenda fyrir velgengni nemenda. Lögð skal áhersla á að gagnkvæmt traust og virðing ríki í samstarfi heimila og skóla og jafnræðis og trúnaðar sé gætt.

### 3. Stjórnun grunnskóla

Stjórnendur skóla verða að vera meðvitaðir um markmið, gildi og sýn fyrir sína stofnun. Forysta þeirra á að stuðla að skólamenningu sem einkennist af samábyrgð og samvinnu. Mikilvægt er að skólastjórnendur hvetji til þróunarstarfa og efli frumkvæði. Til þess að geta tekist á við þetta víðfeðma stjórnunarhlutverk þurfa stjórnunarhættir að þróast í átt til aukins sveigjanleika og valddreifingar, til dæmis

með því að auka ábyrgð deildarstjóra. Hver skóli verður að fá sjálfstæði til að takast á við þær breytingar, bæði fjárhagslega og faglega.

#### **4. Námsmat**

Megintilgangur með námsmati er að afla upplýsinga um námsgengi nemenda og styðja þá til að ná sem mestum framförum. Leggja skal áherslu á að matið nái til margra þátta s.s. þekkingar, skilnings, leikni og framfara. Einnig þarf að meta áhuga, virkni, vinnubrögð og hæfileika til samstarfs.

#### **5. Tenging milli skólastiga**

Stefna skal að aukinni samfellu í skólastarfi. Fljótandi skil kalla á nánara samstarf milli skólastiga. Brýnt er að skapa meira svigrúm fyrir samráð kennara af mismunandi skólastigum og þurfa yfirvöld menntamála tryggi fjármagn til þess.

#### **6. Upplýsingatækni**

Kennarar og stjórnendurhafa í auknum mæli samskipti við foreldra og nemendur með nútíma upplýsingatækni. Mikilvægt er að aðgát sé höfð í slíkum samskiptum þar sem oft er um trúnaðarmál að ræða. Tryggja þarf að kennarar og skólastjórnendur fái nám, þjálfun og aðstöðu til þess að nýta sér tæknina á öllum sviðum í samræmi við kröfur þjóðfélagsins hverju sinni.

#### **7. Fjármagn til skóla**

Lögð skal áhersla á nauðsyn þess að fjárveitingar til skóla séu ætíð nægar svo þeir geti sinnt hlutverki sínu til fullnustu á hverjum tíma.

Skólaþróun og tækniframfarir krefjast endurnýjunar námsgagna og nýrra leiða í kennslutækni og útgáfu gagna. Stórauka þarf fjárframlög til námsgagnakaupa skólanna og gera þeim kleift að nota ávallt það besta sem í boði er.

Tryggja þarf fjármagn til móttöku og kennslu nemenda frá öðrum þjóðlöndum. Brýnt er að styrkja bæði móðurmáls-og íslenskukennslu þessara nemenda til að þau verði virkir þjóðfélagsþegnar.

Mikilvægt er að aukið fjármagn verði veitt til að tryggja kennurum og skólastjórnendum næga endurmenntun.

#### **8. Sjálfstæði skóla**

Skólar þurfa að hafa frelsi og fjármagn til að móta sína eigin stefnu innan ramma laga, aðalnámskrár, kjarasamnings og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Mikilvægt er að gera skólum kleift að reyna og þróa mismunandi leiðir hvað varðar alla þætti skólastarfs, bæði faglega og fjárhagslega. Hagsmunir nemenda skulu ætíð hafðir í fyrirrími.

## **9. Rannsóknir, þróun og mat**

Nauðsynlegt er að auka menntarannsóknir og nýta niðurstöður til að efla og bæta skólastarf. Tryggja þarf kennurum og öðru fagfólki skóla rétt til rannsókn- og námslauna með reglulegu millibili til þess að auka og viðhalda fagþekkingu. Gera þarf kröfur um að rannsóknarniðurstöður séu aðgengilegar og settar fram þannig að þær nýtist í skólastarfi.

## **10. Stoðþjónusta**

Markmið grunnskólans er að veita kennslu við hæfi hvers og eins þannig að hæfileikar nemenda þroskast og njóti sín. Til þess þarf að vera fyrir hendi fjölbreytt stoðþjónusta, til dæmis sérkennsla, sálfræðiþjónusta, námsráðgjöf og iðjuþjálfun. Koma þarf til móts við nemendur með einstaklingsmiðuðu og sveigjanlegu námi. Samvinna fagstétta er nauðsynleg og tryggja þarf aðgengi skólastjórnenda, kennara og stuðningsaðila að liðveislu sérfræðinga.

Nemendur eiga nú meira val í námi sínu. Þeir þurfa í samráði við foreldra sína og námsráðgjafa að huga fyrir en áður að því hvert þeir stefna

Stefna skal að því að efla tengingu og samstarf skóla og atvinnulífs og er náms- og starfsfræðsla liður í því.

## **11. Velferð nemenda**

Mikilvægt er að í skólum sé mótuð stefna um velferð nemenda. Með henni ætti að gera ráð fyrir virkum hagsmunateymum og aðgerðaáætlunum. Nauðsynlegt er að nemendur hafi tækifæri til að leita ráða hjá kennurum, stjórnendum, námsráðgjöfum og öðrum starfsmönnum skólans eftir því sem við á hverju sinni.

Mikilvægt er að skólar marki sér stefnu í forvörnum og vinni m.a. gegn ofbeldi, einelti, ávana- og fíkniefnum.

Leggja skal áherslu á að efla nemendalýðræði með því að gera nemendur virkari í ákvarðanatöku í skólastarfinu.

Stefna skal að því að efla samvinnu og samstarf heilbrigðisyfirvalda, félagsmálayfirvalda og skóla.

Tryggja þarf öfluga heilsugæslu innan skóla eða gott aðgengi nemaenda að henni.

## **12. Nýliðar í starfi**

Það er skylda skólans að taka vel á móti nýliðum í kennslu. Tryggja þarf nýliðum leiðsögn reyndra kennara fyrstu 2 árin. Fylgja þarf leiðsögninni eftir m.a. með viðtölum við næsta yfirmann nýliðans utan hefðbundinna starfsmannaviðtala.

Stórefla þarf fræðslu nýliða í kennslul um réttindi og skyldur í starfi, kjarasamninga, samskipti við stjórnendur o.fl.

Nýir náms- og starfsráðgjafar skulu einnig hafa aðgang að leiðsögn.

Yfirvöld skulu styðja vel við bakið á nýjum stjórnendum og koma sér upp skipulögðu kerfi þar að lútandi.

